

Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík 17. desember 2018
UST201811-178/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing – Aðalskipulagsbreyting fyrir Sveitarfélagið Hornafjörður – Svínhólar

Vísað er til erindis skipulagsstjóra sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 14. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að aðalskipulagsbreytingu í landi Svínhóla í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Í lýsingu kemur fram að markmið breytinganna er að staðsetja nýtt verslunar- og þjónustusvæði að Svínhólum í Lónum á landi sem nú er skilgreint sem landbúnaðarland. Auk þess kemur fram að skilmálar svæðisins gera ráð fyrir allt að fjögurra hæða 70 herbergja hótélbyggingu alls um 9.000 – 10.500 m² að stærð. Gert er ráð fyrir að 55 herbergi verði í megin byggingu hótelsins og 15 íbúðir í stökum smáhýsum innan hótellóðar. Einnig er gert ráð fyrir 20-40 einbýlishúsum og aðstöðu fyrir starfsmenn á um 3.700 – 5.000 m² svæði. Auk þess gerir tillagan ráð fyrir nýju skógræktarsvæði undir nytjaskógrækt.

Forsendur

Umhverfisstofnun telur að það komi ekki skýrt fram hver heildarstærð svæðisins sé, sem breytingin nær til. Auk þess er það mat Umhverfisstofnunar að ekki komi nógu skýrt fram í tillögunni hvert umfang starfsmannaástöðunnar er, til að hægt sé að meta heildarumfang byggingaframkvæmda á svæðinu. Einnig kemur fram í lýsingu að lögð verður fram áætlun um mögulegar mótvægisáðgerðir til þess að auka á umhverfisgæði svæðisins. Það er mikilvægt að mati Umhverfisstofnunar að það komi fram í tillögunni til hvaða mótvægisáðgerða verður gripið.

Í lýsingunni kemur fram að horft er til þess að uppbyggingarsvæðið að Svínhólum verði að mestu sjálfbært samfélag. Að mati Umhverfisstofnunar er það mikilvægt að það komi fram í tillögunni mun nánari skýring á hugtakinu „*sjálfbært samfélag*“.

Í greinargerð lýsingar kemur fram að stefnt er að því að nýta gæði landsins og að allur frágangur húsnæðis og grunnvirkja taki mið af umhverfisaðstæðum. Það er mat Umhverfisstofnunar að mikilvægt er að það komi fram í tillögunni hvað er átt við nýta gæði landsins í sjálfbæru samfélagi. Auk þess telur stofnunin mikilvægt að það komi fram

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillögunni með hvaða hætti verður forðast að raska vistkerfi sem falla undir sérstaka vernd.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til rækilegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúru-minjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laganna auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Skógrækt

Í lýsingu kemur fram að áform eru um skógrækt á jörðinni og stefnt er að því að gera samning við Skógræktina um nytjaskógrækt. Auk þess er afmarkað svæði á uppdrætti í Össurárdal sem nýst gæti undir nytjaskógrækt. Umhverfisstofnun bendir á að í Össurárdal sem skógræktarsvæði nær til eru þrjár fossar, Kúvaðafoss, Balahæðarfoss og Skútafoss. Það er mat stofnunarinnar að mikilvægt er að skógræktin hafi ekki áhrifa á svæðið. Fossar falla undir b.lið 2. mgr í 61. gr laga nr. 60/2013 um náttúruvernd en þar segir vernda skuli fossa og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki.

Auk þess segir í 70.gr laga um náttúruvernd þar sem fjallað er um ræktun „Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum. Við gerð áætlana, mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu umsókna vegna leyfisskyldrar ræktunar skal taka afstöðu til þessara atriða.“

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að huga að sjónrænum áhrifum skógræktar, þannig ekki vaxi upp ferningslaga ræktunarsvæði heldur verði fylgt formum landslags eins og kostur er og tekið tillit til sérkenna landslags á hverjum stað. Til að unnt verði að ná þessum markmiðum ætti að hanna skógrækt á hverjum stað helst með aðkomu landslagsarkitekta.


Vistgerðir

Að mati Umhverfisstofnunar er hluti svæðisins sem tillagan nær til í grasmóavist og í língresis- og vingulsvist þar sem verndargildið er metið hátt og mikilvægt er að vistgerðunum sé ekki raskað. Vistgerðirnar eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Auk þess er í língresis- og vingulsvist ríkt fuglalíf, en algengustu varpfluglar eru þúfuttlingur, hrossagaukur, lóupræll, spói og stelkur.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur